

Ein-föld peysa

Þessi peysa er með einfaldasta móti ef maður kann á annað borð að prjóna lopapeysur.

Stærð 2ja ára.

Hér er notast við einfaldan plötulopa og einbandi saman.

prjónastærð nr. 4.0

Prjónfesta: 16 lykkjur = 10 cm.

Peysan er sáraeinföld og fljótleg. Stroff er haft fremur langt og er ekki prjónað á minni prjóna heldur en bolurinn sjálfur, bara prjónað örlítið fastara. Ekki er aukið út eftir að stroffi lýkur hvorki á bol né ermum. Peysan er svolítið síð og nær niðurfyrir rass, hún er einnig smá víð og það sama má segja um ermarnar. Þegar komið er að munstri er svolítið rykkt saman. Einfaldur og stuttur munsturbekkur og hálsmálið vítt því snemma er fellt af.

Fitjað upp á 111 lykkjur

Prjónað stroff, 5 cm = ca 15 umferðir. Í stroffinu er prjónað 1 slétt og 2 lykkjur perluprjón.

Bolurinn prjónaður upp, sídd er eftir smekk en á þessari er síddin 32 cm (62 umferðir eftir stroff)

Á ermum er fitjað upp á 39 lykkjum og stroff prjónað jafn langt og á bol. (52 umferðir eftir stroff) Ermin virkar kannski útvíð en það gerist vegna þess að það er ekki aukið neitt út eftir því sem prjónað er upp og er hún því í raun bein upp.



Næsta verkefni er að sameina lykkjur af bol og ermum á einn hringprjón, með tilheyrandi fjölda af lykkjum sem eiga að vera undir handvegi (6 lykkjur) (settar á bið – þangað til tími gefst til að ganga frá þeim). Prjónaðar eru 5 umferðir áður en „rykkingar-umferð“ hefst. (Munsturumferðir byrja á eftir henni).


Þegar búið er að sameina lykkjur af ermum og bol kemur hin svokallaða „rykkingar-umferð“. Á fram og bakstykki eru prjónaðar 13 lykkjur, síðan prjónaðar 3 saman og 2 á milli alls fimm sinnum – og svo eru prjónaðar 13 lykkjur sem eru eftir af því fram eða bakstykki. Á ermum eru prjónaðar 10 lykkjur og síðan 3 lykkjur saman og 2 á milli – alls 3 sinnum, og að síðustu prjónaðar 10 lykkjurnar sem eftir eru af því ermastykki.

Síðan er farið eftir munstri – eða ekki. Það er alltaf gaman að breyta til og þessi uppskrift hreinlega er til þess gerð að mörg tilbrigði verði til. Gangi ykkur vel ☺

Vilborg prjónakona

<http://lopinn.blogspot.com/>

Sjá útskýringarmyndir:




X = Lykkjur á fram- eða bakstykki

Miðjan á bak- eða framstykkinu



= lykkjur þrjúnaðar saman - í þessu tilfalli 3 lykkjur svo úr verði 1 lykkja.



X = Lykkjur á ermum

Miðjan á erminni

49 lykkjur - fækkað um
10 = 39 lykkjur

33 lykkjur - fækkað
um 6 = 27 lykkjur

33 lykkjur -
fækkað um 6 =
27 lykkjur

49 lykkjur - fækkað
um 10 = 39 lykkjur

Hér er peysan þegar búið er að sameina ermar og bol á einn hringprjón. Á þessari peysu er tekið úr með því að rykkja að framan og aftan og á ermum - það er ekki gert jafnt allan hringinn heldur gert á við miðju hvers hluta fyrir sig.

